

# Hlutverk karla

## Í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi

Á Stígamótum leggjum við áherslu á að kynbundið ofbeldi er margs konar og nauðsynlegt að nálgast baráttuna gegn ofbeldi úr mörgum áttum. Það þarf að breyta því hvernig samfélagið tekst á við kynferðisofbeldi, kynbundið ofbeldi og alla mismunun en það hefur reynst þrautin þyngri að breyta almennum viðhorfum. Nauðsynlegt er að breyta viðhorfum allra, ekki bara sumra og þó umræðan hafi aukist mikið undanfarin ár, þá eru karlar enn ekki mjög sýnilegir eða virkir í baráttunni. Til þess að ná lengra í baráttunni þurfa karlar að taka virkari þátt í allri jafnréttisbaráttu, ekki síst í baráttunni gegn ofbeldi karla gegn konum og börnum.

**Allir karlar bera ekki ábyrgð á ofbeldi þeirra karla sem beita því, en við karlar berum ábyrgð á að breyta þeirri menningu sem gerir lífið úr, horfir fram hjá ofbeldi gegn konum, börnum og öðrum jaðarsettum hópum, og gerir það mögulegt að komast upp með slíkt ofbeldi**

### Mikilvægt er að hafa í huga að

1. Það að vera femínisti/bandamaður er ferli
2. Það er grundvallarskref að virkja baráttu sína gegn ofbeldi í einkalífinu
3. Karlar þurfa ekki að vera allstaðar, við þurfum að bera virðingu fyrir jaðarsettum rýmum

### Mikilvægt að vinna í því að

1. Skoða og skilja hvernig forréttindi og misrétti hanga saman
2. Vera meðvitaður um hvernig/hvort við hlustum
3. Auka og bæta samskipti við konur og jaðarsetta einstaklinga
4. Forðast yfirborðskenndar nálganir
5. Taka eftir kerfisbundnu misrétti



# 20 hlutir sem karlar geta gert

- tekið saman af Bob Pease

1. Menntað sig með því að lesa bókmenntir kvenna og feminísk skrif
2. Vera meira meðvitaður um forréttindi sem karl og hvernig þau birtast
3. Vera meðvitaður um önnur forréttindi svo sem uppruna, kynhneigð og stétt
4. Hugsa um hvernig viðhorf og orðanotkun tengjast/ endurspeglar misrétti og ofbeldi gegn konum
5. Hugsa um og takast á við ofbeldisfulla og stjórnandi hegðun í eigin fari
6. Að ræða við konur um þeirra líf og reyndu að læra meira um kynferðisofbeldi karla gegn konum
7. Hlusta á konur og aðra jaðarsetta einstaklinga þegar þær/þau/hán tala um reynslu sína
8. Ekki taka orðið af þeim
9. Viðurkenna og biðjast afsökunar þegar þú sýnir kvenfyrirlitningu eða gerir “mistök”
10. Sýnda jafnréttisviðhorf í verki, t.d. í barnauppleði, heimilistörfum og sambærilegum verkum
11. Ekki nota klám og kaupa vændi
12. Vera meðvitaður um kynferðislega hegðun gagnvart öðrum, læra og skilja mörk, samþykki og samskipti í kynlífi
13. Ræða við stráka og unga menn um mikilvægi þess að virða stúlkur, konur og einstaklinga af jaðarsettum hópum
14. Svара og ögra öðrum mönnum þegar þeir sýna kvenfyrirlitningu og ofbeldisfulla hegðun
15. Ekki þegja þegar þú uppgötvar að vinur er að beita konu ofbeldi
16. Tala opinberlega um stuðning við jafnréttismál og baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi
17. Sniðganga fyrirtæki sem sýna kvenfyrirlitningu í starfsemi sinni og markaðssetningu
18. Skrifa ritstjórum/admin til að gagnrýna umfjöllun sem sýnir kvenfyrirlitningu og þolendaskömmun
19. Mynda hóp fyrir karla til að takast á við kvenfyrirlitningu og feðraveldið, t.d. skipuleggja bókaklúbb eða leshóp með kaffi og kleinum
20. Deila þekkingu og upplýsingum til annarra karla um þennan málaflökk



# Æfing – hlutverk karla

1. Af hverju taka karlar ekki meiri þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi, ofbeldi gegn börnum og kynbundnu ofbeldi almennt?
2. Hver er ábyrgð og hlutverk karla í umræðunni um kynbundið ofbeldi?
3. Af hverju er mikilvægt að karlar taki þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi og kynbundnu ofbeldi?
4. Hverju geta karla breytt?
5. Hvernig er hægt að virkja fleiri karla?
6. Hvernig náum við til karla sem vilja ekki taka þátt?

7. Hverjar eru takmarkanir á þátttöku karla?

8. Hvaða merkingu hefur það fyrir þig að vera bandamaður?

9. Hvernig er hægt að sýna það í verki?

10. Hvað getur þú gert í þínu umhverfi?

11. Hvað myndi hjálpa þér að taka þannig skref?

12. Hvaða áskoranir gætu komið upp?